

Fréttabréf



Maí 2017 - Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík - Stofnað 3. febrúar 1867

Aðalfundur

Aðalfundur Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík verður haldinn í baðstofu félagsins, Vonarstræti 14 a, miðvikudaginn 3. maí 2017 kl. 18:30.

Boðið verður upp á léttar veitingar fyrir fundinn og opnar húsið kl. 18:30

Dagskrá

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Helstu dagskrárliðir:

- Inntaka nýrra félaga.
 - Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2016.
 - Endurskoðaðir reikningar félagsins og stofnana þeirra 2016.
 - Kjör til trúnaðarstarfa:
- Kjósa skal formann, ritara og vararitara til setu í stjórn IMFR.
- Kjósa skal þrjá varamenn í stjórn til eins árs.
 - Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
 - Kjósa skal fulltrúa í nefndir og stjórnir
 - Lagabreytingar, ef fram hafa komið.
 - Ákvörðun um árgjald og inntökugjald.
 - Önnur mál.

Ítarleg dagskrá mun liggja fyrir á fundinum.

Óski félagsmenn IMFR þess að kynna sér reikninga félagsins fyrir aðalfundinn geta þeir haft samband við Maríu Hallbjörnsdóttir s. 591 0032 í Borgartúni 35 - Samtök iðnaðarins

Ávarp formanns

Gleðilegt sumar kærur félagar!

Á næsta aðalfundi IMFR þann 3. maí 2017 hef ég verið formaður félagsins í fjögur ár.

Árin hafa verið mjög viðburðarrík og markmiðum náð sem sett voru í upphafi.

Mig langar til að minna á nokkur stór mál:

- Stefnumótun til næstu 5 ára.
- Eftirlit með sjóðum félagsins og skýrar kröfur um að fjárfestingar félagsins tryggi fjárhagslegan rekstur þess.
- Á næsta aðalfundi munu fulltrúar frá Íslenskum verðbréfum mæta á fundinn og kynna áhugavert tilboð fyrir fundarmönnum sem eru sérstaklega í boði fyrir félaga IMFR.
- Nýsveinahátíð. Við höfum styrkt tengsl við nýsveina og unnið að styrkjaferli sem hjálpar nýsveinum til framhaldsnáms. Þessi viðurkenning er sýnileg í ferilskrá nemenda.
- Kjör heiðursiðnaðarmanns ársins hefur vakið athygli á iðngreinum og framúrskarandi iðnaðarmönnum.
- Glæsileg hátíð í tilefni 150 ára afmælis IMFR. Undirbúningur krafðist mikillar vinnu sem tók um tvö ár.
- Húsnæðismál IMFR eru á tímamótum. Nýtt skipulag Vogahverfisins liggur fyrir. Sem stendur er ekki ljóst hvað IMFR fær út úr sinni eign. Við munum fylgjast náið með framvindu þessara mála.

Mér er efst í huga þakklæti til styrkveitenda sem sýndu viðburðum og öðrum viðfangsefnum félagsins áhuga og velvild.

Síðast en ekki síst er ég þakklát ykkur kærur félagar sem sýnið styrk ykkar með því að vera félagar í Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur.

Valbjörg Elsa Haraldsdóttir



150 ára afmæli IMFR.

Hátíðarkvöldverður

Hápunktur afmælishátíðar var hátíðarkvöldverðurinn 4. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica. Veislan var öll hin glæsilegasta og gleði ríkti á meðal þrúðbúinna gesta. Fulltrúar norrænu systurfélaganna voru heiðursgestir. Ólafur Ragnar Grímsson fv. forseti var heiðraður og þakkaður stuðningur við starf félagsins í þágu nýsveina. Einnig voru átta félagsmenn heiðraðir og þökkun vel unnin störf í þágu félagsins.



Nýsveinahátíð

Ellefta nýsveinahátíð IMFR fór fram 4. febrúar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Verndari hátíðarinnar var forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson. Stórfengleg fánaborg prýddi salinn að vanda. 10 nýsveinar hlutu bronsverðlaun og 13 hlutu silfurverðlaun. Heiðursiðnaðarmenn ársins voru Trausti Víglundsson og Hilmar B. Jónsson.



Ingólfur vel upplýstur

Í tilefni af 150 ára afmælinu var margt gert til að minnst þessara stóru tímamóta. Iðnaðarmannafélagið ákvað að minna á sögu sína og fortíð með gjöf lýsingar á stytta Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli. Styttan var gjöf félagsins til þjóðarinnar árið 1924. Kveikt var á lýsingunni við hátíðlega athöfn á Arnarhóli föstudaginn 3. febrúar sem jafnframt er stofndagur félagsins. Í framhaldi bauð borgastjórnin í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, til móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Hönnuðir lýsingar eru Darío Gustavo Núñez Salazar og Tinna Kristín Þórðardóttir hjá Verkís.



Norrænn fundur

2. febrúar fór fram árlegur fundur með norrænum systurfélögum. Fulltrúar hveirrar þjóðar greindu frá starfsemi sinni á árinu 2016. Síðan voru haldin erindi af ýmsum toga sem gestirnir sýndu mikinn áhuga.

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins fjallaði um öfgasveiflur íslenska hagkerfisins. Ólafur Sveinn Jóhannesson deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar Tækniskólans ræddi um verkefnastýrt nám í skólanum. Ágúst Hjörtur Ingþórsson sviðsstjóri mennta- og menningarsviðs Rannís greindi frá tækifærum norrænnar samvinnu í starfsmenntun á vettvangi ESB/EES. Loks kynnti Hildur Sigurðardóttir fyrirtæki sitt, Letterpress.

Á meðan fundurinn stóð yfir fóru makar fundargestanna í skemmtidagskrá út á Granda. Byrjað var í Sögusafninu, síðan skoðuð súkkulaðiframleiðsla Omnomm. Gestir snæddu hádegisverð á Bergson RE. Síðan var tekinn rúntur um borgina.

Í lok dags fór allur hópurinn í móttöku á safn Einars Jónssonar. Sigríður Melrós Ólafsdóttir leiddi gesti um safni og fjallaði um list og áhrif Einars Jónssonar.



Heimildarmynd um sögu félagsins

Í tilefni afmælis félagsins var ráðist í gerð heimildarmyndar um sögu þess og iðnaðar á Íslandi. Til verksins var fenginn Halldór Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður. Myndin er á lokastigi og verður frumsýnd fljótlega. Félagsmenn munu fá sent boðskort á sýninguna þegar að því kemur.